

Reglur

um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi

1. gr.

Almennt

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 4/1995 með síðari breytingum og 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaga sem rekin eru af menningar-, íþróttá- og æskulýðsfélögum.

3. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. febrúar ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Uppfært í janúar 2012

	2012		2012	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	1.994.904	100%	2.642.600	100%
Allt að	2.232.581	75%	3.008.689	75%
Allt að	2.469.130	50%	3.373.656	50%
Allt að	2.700.049	25%	3.739.740	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

4. gr.

Bújarðir og útihús

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti af bújörðum eða af útihúsum.

5. gr.

Friðuð hús

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur húsa. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 16. desember 2009 og taka þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi nr. 1176 frá 27. desember 2006.

Flóahreppi 16. desember 2009
Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri